

## Valgreinar fyrir 8.-10. bekk skólaárið 2020-2021

Valgreinar verða í 8 - 9 vikur í senn (lota = 1 valeining). Nemendur þurfa að vera með 12 valeiningar samtals.

Kynnið ykkur vel lýsingar í hverri valgrein. Ekki er hægt að skipta um valgrein þegar raðað hefur verið í hópa. Ef ekkert er tekið fram, þá er valgreinin í eina lotu.

ALLIR NEMENDUR ÞURFA AÐ VELJA AÐ MINSTA KOSTI EINA LIST- OG VERKGREIN. (Þær eru merktar með \*)

### Aðstoð í Akurskjóli/uppeldisfræði (frístund)

Markmiðið er að nemendur kynnist fjölbreyttu starfi frístundaheimilisins og fái innsýn í þau störf sem þar er unnin eins og uppeldi, umönnun og afþreyingu fyrir börn. Námsmat byggir á ástundun, virkni og dagbók.

### Bakstur\*

Nemendur baka brauð og kökur.  
Námsmat byggir á virkni og mætingu.

### Breakout edu

Nemendur bæði leysa og búa til breakout. Breakout reynir á rökhugsun og þrautseigju og er frábær kennsluáferð til hópeflis. Nemendur myndu búa til breakout sem væri hægt að nota í kennslu.

Námsmat byggir á virkni og mætingu.

### Borðspilsval

Nemendur spila borðspil saman. Læra ný og fá tækifæri til að verða betri í þeim sem þau fyrir kunna.

Námsmat: Þátttaka og mæting.

### Borðtennis, billiard og fúsball val

Nemendur spila borðtennis, billiard og fúsball. Meistari verður krýndur.

Námsmat: Þátttaka og mæting.

### DIY með áherslu á endurvinnslu\*

Hugmyndavinna og sköpun. Rætt um nýtingu og endurvinnslu. "Gerðu það sjálf/ur" (DIY) að endurvinnna og lita pappír, endurvinnna kókoshnetur, þurrka ávexti, blóm, lauf og greinar til að nota í kort, skreytingar og annað skemmtilegt og skapandi. Endurvinnna kertastubba, finna krukum, dósum, gömlum tússpennum, töppum og fleiru nýjan tilgang. Ásamt öðru sem tengist því að vera endurvinnna og endurnýta á skapandi máta.

Námsmat: þátttaka, ástundun og mögulegar afurðir.

### DIY snyrtivörur\*

Gerðu það sjálf/ur" (DIY) Baðbombur, scrúbbar og krem.

Námsmat: þátttaka, ástundun og mögulegar afurðir

### Dúkrista (grafík)\*

Að nemendur kunni til verka í grafíkgerð, þekki áhöld og geti skapað dúkristur.

Nemendur læra aðferð við gerð grafíkmynda þar sem myndin er skorin í línóleum dúk, það borið prentbleki og myndin síðan þrykkt á pappír. Notað er svart blek á hvítan pappír, einnig svart blek á litaðan pappír. Það má einnig nota fleiri liti eins og bláa og rauða tóna.

Rætt um hvað einkenni grafískra listaverka, hvernig myndbygging, línur og áferð eru notuð til að undirstrika tilfinningar.

Nemendur læra að nota sérstök áhöld við að skera línóleum dúkinn. Þeir vinna ferlið frá hugmynd til afurðar, skissa, teikna, skera í dúkinn og þrykkja á pappír.

Námsmat byggist á frumkvæði, færni, virkni og verklagi.

### Endurvinnsla/endurhönnun\*

Hvað er hægt að gera úr gömlum hlutum? Hvernig getum við minnkað vistsporið okkar? Búum til nýja hluti úr gömlum. Kertagerð, bómullarskífur og ýmislegt annað.

Námsmat: Mæting, þátttaka og verkefnaskil.

### Forritun\*

Farið verður yfir og prófað microbit, Dash vélmennið, Sphero vélmennið og margt fleira verður skoðað.

Námsmat byggir á virkni og mætingu.

### Glerlist\*

Markmið: Að nemendur skilji spennu og eiginleika glersins, æfi sig í að vinna með stærðir og hlutföll og þekki ferli hönnunar til vöru.

Námsmat byggir á frumkvæði, hugmynda- og skissuvinnu, virkni og verklagi.

### Grænmetisréttir frá ýmsum löndum\*

Nemendur gera grænmetisrétti frá ýmsum löndum og snæða. Prufa ýmiskonar matargerð og kynnast matarmenningu annara landa.

Námsmat: Virkni og mæting.

### Harry Potter val

Hér ætlum við að lesa bækurnar, horfa á myndirnar og vera með umræður og nánari fræðslu um galdraheiminn. Nemendur gætu gera sína eigin framhaldssögu út frá bókaflokknum sem lokanámsmat

Námsmat: Þátttaka, mæting og verkefni.

### Heimanámsaðstoð

Ef þig vantar auka aðstoð með eitthvað námsefni þá er þetta tilvalið val fyrir þig. Þú mætir, lærir og færð aðstoð.

Námsmat: Þátttaka og mæting.

### Hraðlestur

Náðu tökum á lestrinum. Farið verður í hvernig hraðlestur virkar og nemendur fá tækifæri til að tileinka sér hraðlestur.

Námsmat: Ástundun, virkni og verkefnaskil.

### Hugarró

Hér munu nemendur fá algjöra slökun frá öllu áreiti. Engir símar eða spjaldtölvur verða leyfð í þessu fagi. Föllum við í núvitund með því að hugleiða, fara í slökun og nýta til þess alls kyns verkefni.

Námsmat: Lokið/ólókið. Hér gildir mæting og þátttaka.

### Hugrækt (sjálfsstyrking og kvíðastjórnun)

Byggt á hugmyndafræði Dale Carnegie. Nemendur læra að vinna með sig, halda dagbækur og kynna þá þætti sem teknir eru fyrir á námskeiðinu.

Námsmat: Ástundun, virkni og verkefnaskil.

### Jóga og hugleiðsla

Jóгатímar sem byggja á jógaflæði (vinyasa yoga) og hatha yoga. Í jóгатímum er unnið með jógastöður, jógateygjur, öndun, slökun og hugleiðslu. Jógaástundun stuðlar að jafnvægi og einbeitingu, eflir sköpunarkraftinn og styrkir öll grunnkerfi líkamans.

Námsmat: byggir á þátttöku og ástundun.

### Jólaskreytingar\*

Búa til varanlegar skreytingar fyrir skólann og setja þær upp.

Unnið út frá hugmynd frá kennara og einnig að eigin hugmyndum.

Námsmat: Ástundun og virkni.

### Krosssaumur\*

Nemendur sauma Krosssaumsmyndir og búnir til nytjahlutir úr þeim.

Námsmat: Ástundun og virkni.

### Leikskólinn Akur

Nemendum gefst kostur á að velja sér að fara á leikskólann og kynnast því fjölbreytta starfi sem fer fram þar.

Námsmat: Ástundun og virkni.

### Leirmótun\*

Markmið: Að nemendur nái færni í mótun leirmuna og öðlist þekkingu á efnum og áhöldum ásamt tæknilegu ferli brennslunnar. Leirmunir og þrívíddarmyndir eru unnir í steinleir og rauðleir. Unnið er frá hugmynda- og skissubókavinnu til fullmótaðra listmuna. Sögu leirlistarinnar er gerð skil.

Námsmat byggir á ástundun, virkni og verkfærni.

### Lopapeysuprjón\* (2 valeiningar)

Verkefni: Prjóna lopapeysu, barna- eða fullorðins. ATH. Nemandi þarf sjálfur að kaupa lopa í flíkina. Nemendur fá í upphafi kynningu á íslensku ullinni og aðferðum til að prjóna lopapeysu, þvo ull o.fl.

Hæfniviðmið: Nemandinn geti lesið uppskrift, prjónað slétt og brugðið, prjónað á fjóra prjóna og tvíbandaprjón. Verið getur að nemandi þurfi að vinna verkefnið heima svo hann nái að ljúka því.

Námsmat: Símat er í hverjum tíma þar sem gefið er fyrir vinnusemi, vandvirkni, frumkvæði/sköpun, verkfærni, umgengni/ábyrgð og samskipti. Í lok námskeiðsins er gefið lokið/ólókið og umsögn fyrir unnið stykki.

### Mixed media\*

Markmið: Að kenna nemendum að vinna sjálfstætt að nota mismunandi efni og aðferðir í listsköpun. Nemendur gera tilraunir með ólík áhöld og efni, svo sem blek, olúkít, blíanta, akríl og vatnsliti til að skapa listaverk. Áhersla lögð á frumleika, notkun ímyndunaraflsins og frjálsa sköpun.

Námsmat byggist á frumkvæði, frumleika, færni, virkni og verklagi.

### Myndlist 1\*

Markmið : Að efla áhuga á myndlist og að leyfa nemendum að njóta sín i sköpun. Farið verður í undirstöðuatriði myndlistar; teikningu, litafræði og myndbyggingu. Fjölbreytt verkefni unnin með mismunandi tækni svo sem blýanti, kít, vatns og akrillitum.

Námsmat byggist á frumkvæði, hugmynda og skissuvinnu, virkni og verklagi.

### Myndlist 2\*

Markmið: Að efla skilning nemenda á mismunandi tækni í myndlist. Fjarvíddarteiknun, hlutateiknun og uppstillingateiknun gerð skil. Áhersla lögð á formfræði og myndbyggingu og að efla skilning nemenda á fjarvídd. Nemendur vinna með blýanti og tússlitum með grátónaskalann, skyggingar, form og línur.

Námsmat byggist á frumkvæði, færni, virkni og verklagi.

### Mynstur og mandörlur\*

Markmið: Að nemendur teikni og máli Mandörlur frá grunni. Lögð verður áhersla á að nemendur þrói eigið mynstur og noti persónulegan stíl. Nemendur læra nokkrar meginreglur í mynsturgerð, miðmynstur, spegilmynstur og símynstur.

Námsmat byggist á frumkvæði, færni, virkni og verklagi.

### Námsráðgjafaval (skylduval fyrir 10. bekk)

Nemendur fá aðstoð með námstækni og markmiðssetningu. Búa til ferilskrá og hugsa til framtíðar. 10. bekkingar fara í áhugasviðskönnun og framhaldsskólakynningu.

Námsmat: Ástundun og virkni.

### Nýsköpun og/eða þemaverkefni\*

Byrjað á hugmyndavinnu og hönnun, unnið að því að skapa hlut/kerfi/verkefni og að lokum að vinna úr og meta afurðina og hvernig gekk. Áhersla á að nemendur sýni frumkvæði, hanni og skapi sjálfir hlut/kerfi/verkefni. Verkefni mega vera fjölbreytt en verða að hafa ákveðin tilgang og tengjast vísindum.

Námsmat: Byggir á þátttöku, ástundun og sköpun.

### Réttir frá ýmsum löndum\*

Nemendur gera rétti frá ýmsum löndum og snæða. Prufa ýmiskonar matargerð og kynnast matarmenningu annara landa.

Námsmat: Virkni og mæting.

### Sjálfsstyrking

Fræðsla um mikilvægi góðrar geðheilsu og sjálfsmyndar. Nemendur gera sjálfsstyrkingaræfingar.

Námsmat: Virkni og ástundun.

## Skólablað (2 valeiningar)

Skólablað (rafrænt með Sway) heilsársval þannig að hægt sé að leggja sem mest upp úr hverri útgáfu - 1 "blað" á mánuði. Nemendur taka viðtöl, búa til fréttir úr skólastarfinu og nærsamfélaginu og myndbönd tengd þeim, taka myndir og skrifa um lífið í skólanum og samfélaginu.

Markmið:

- Að nemendur eflist í sjálfstæðum vinnubrögðum
- Að efla samskiptafærni nemenda
- Að nemendur læri að taka viðtal
- Að nemendur geti beitt skipulögðum vinnubrögðum við ritun
- Að nemendur geti skrifað mismunandi textagerðir
- Að nemendur geti skrifað rafrænan texta og tengt texta, hljóð og mynd eftir því sem við á, geri sér grein fyrir lesanda og miða samningu texta við hann
- Að nemendur öðlist færni í vinnu á ýmsum miðlum s.s. ritvinnslu, útgáfu, myndvinnslu, hljóð- og myndupptöku.

Námsmat byggir á að nemendur ljúki við öll verkefni af verkefnalista.

## Skrautskrift\*

Langar þig til að skrifa fallega í fermingarbókina þína, gestabækur, afmæliskort eða bréfsefni við önnur tækifæri? Gott námskeið fyrir alla í 8.-10. bekk sem hafa mikinn áhuga á ýmsum skriftartegundum og vilja öðlast færni í skrautskrift. Á námskeiðinu læra nemendur undirstöðuatriði skrautskriftar, skreyta skólann, ýmis vinna fyrir árshátíð, ýmsar skreytingar

Námsmat: Símat með áherslu á tækni, sjálfstæði og vinnusemi.

## Smíði, val á eigin verkefni\*

Hannaðu þitt eigið smíðaverkefni í viðráðanlegri stærð.

Námsmat: Ástundun og virkni.

## Smíði, viðgerð á húsgagni\*

Hér fær nemandinn tækifæri til að gera upp, breyta eða endurhanna eitthvað gamalt húsgagn í viðráðanlegri stærð sem nemandinn útvegar sjálfur.

Námsmat: Virkni og ástundun.

## Snyrtibudda/ burstataska\*

Nemandinn saumar snyrtibuddu eða tösku fyrir förðunarbusta.

Námsmat: Virkni og ástundun.

## Spilaval

Við lærum að spila borðspil og með spilastokka. Lærum sem flest spil og aldrei spilað sömu spil í hverri viku.

Námsmat: Virkni og ástundun.

## Spænska 1

Nemendur fá kynningu á tungumálinu. Þeir læra byrjunarstig tungumálsins eins og að heilsa, tölur og liti.

Námsmat: Mæting, þátttaka og verkefnaskil.

### Söngur og sviðsframkoma\*

Það eru margir krakkar sem hafa einungis áhuga á söng, ekki leiklist. Tímarnir fara í að kenna krökkum framkomu við söng, hvernig nota á míkrafón og sviðsöryggi.

Námsmat: Virkni og ástundun.

### Tuskur/bómullarskífur\*

Saumaðar, heklaðar eða þrjónaðar tuskur eða bómullarskífur. Saumaður poki til að geyma í og setja í þvottavél.

Námsmat: Mæting, þátttaka og verkefnaskil.

### Tölvuval

Farið verður í office pakkann, myndvinnslu, Ipad og fleira.

Námsmat: Ástundun og virkni.

### Vatnslitamálan\*

Markmið: Að nemendur fái að kynna litablöndun, formum og hlutföllum sem tengjast náttúrunni og landslagi. Einnig verður unnið út frá uppstillingu. Þjálfað verður í meðferð ljós og skugga.

Námsmat byggist á ástundun, virkni og verklagi.